

Ed. **411. Frumvarp til laga** [14. mál]
um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. febr.)

Samhljóða þskj. 14 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu Félags isl. botnvörpuskipaeigenda, fjórði og fimmti samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, sjötti samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands og sjöundi er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Á eftir 2. mgr. 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Í störfum sínum er stjórn sjóðsins heimilt, þegar hún telur þess þörf, að kveðja sér til ráðuneytis sérstakan fulltrúa frá eftirgreindum landssvæðum: 1. Suðurland, 2. Vestmannaeyjar, 3. Faxaflói og Breiðafjörður, 4. Vestfirðir, 5. Norðurland, 6. Austfirðir.

Við 3. mgr., sem verður 4. mgr., bætist:

... en sjóðsstjórnin ákveður eða semur um þóknun og ferðakostnað tilkvaddra fulltrúa samkv. 3. mgr.

Í stað 13.—15. gr. komi:

13. gr.

Á undan 15. gr., sem verður 21. gr., komi ný kaflafyrirsögn:

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

14. gr.

16. gr., 17. gr. og bráðabirgðaákvæði falli niður.

15. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ásamt síðari breytingum, svo og 8. gr. laga nr. 79 30. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs á árinu 1970.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 77 28. apríl 1962 og gefa þau út svo breytt.

Bráðabirgðaákvæði.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný stjórn skal skipuð samkv. 1. mgr. 6. gr.